



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 138/783
komudagur 16.12.2009

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. desember 2009
Tilvísun: 200911-0035

--Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 174. mál.--

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 174. mál.

Frumvarpið leggur til ýmsar breytingar á afmörkuðum hlutum fiskveiðistjórnunarlaganna, m.a. á reglum um flutning aflamarks milli fiskveiðiára og skipa, um veiði- og vinnsluskyldu, um línuívilnun, um fristundaveiðar, og um aflaheimildir í skötusel.

Rétt er að hafa í huga að nú situr að störfum sérstök nefnd með fulltrúum helstu hagsmunasamtaka um heildarendurskoðun á umræddum lögum. Hætt er við að þær breytingar sem frumvarpið leggur til setji þessa vinnu í uppnám enda skiptar skoðanir um þær flestar.

Í ljósi þessa telur ASÍ farsælast að nefndin um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða fái frið til að ljúka störfum sínum án þeirrar truflunar sem hlýst af því að leggja fram það lagafrumvarp sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ

3.12.2009

Alþingi
Erindi nr. P 138/446
komudagur 4.12.2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

Vil fyrir hönd hóps leigjenda aflamarks koma fram eftirfarandi til
sjávarútvegsnefndar vegna máls nr. 174

kv.
Arnar Atlason
s. 8400840

Sjávarútvegsnefnd Alþingis

Skv.ábendingu Jóhanns Guðmundssonar aðstoðarmanns sjávarútvegsráðherra sendum við hér afrit af ályktun sem afhent var ráðuneyti og Landssambandi Íslenskra Útvegsmanna 2. Desember 2009.

Liður 2 hér að neðan snýr sérstaklega að frumvarpi því sem er til umræðu.

Föstudaginn 27. nóvember s.l. hittust útgerðarmenn á fundi í Hafnarfirði. Erindi fundarins var staða íslensks sjávarútvegs. Fundarmenn áttu og eiga það sameiginlegt að hafa á nýliðnu fiskveiðíári leigt til sín 100 þorskígildis tonn umfram það sem þeir leigðu frá sér. Jafnframt höfðu fyrir fundinn fjöldi samtala átt sér stað símleiðis um sama efni. Á fundinum sem og í þessum samtölum kom fram að staða á leigumarkaði er grafalvarleg.

Fundarmenn ræddu vítt og breitt um íslenskan sjávarútveg, þróun og stöðu. Í hlutarins eðli liggur að mönnum var sérstaklega tíðrætt um alvarlegt ástand á markaði með aflamark og hverju mætti breyta til þess að bæta það.

Samþykkt var að senda eftirfarandi ályktun til framkvæmdarstjóra LÍÚ ásamt því að senda fréttatilkynningu sama efnis til fjölmiðla og sjávarútvegsráðherra.

Ályktun til LÍÚ

Skv. Meðfylgjandi samantekt veiddu skipin sem falla undir áður nefnda skilgreiningu á árinu 2008: rúmlega 50þús tonn í þorskígildum talið. Um það bil helmingur aflamarks sem þurfti til þessa veiða var fengin á grundvelli úthlutunar til þessara skipa en hinn helmingurinn kom með flutningi aflamarks frá öðrum skipum. Heildar aflaverðmæti skipanna var nálægt 9 milljörðum og bein störf hjá útgerðunum voru nálægt 800.

Þegar hópur þessi ræddi orsakir skorts á aflamarki til leigu voru allir sammála um að eftirfarandi 2 atriði stæðu upp úr og veldu mestu þar um:

1. Úthlutun veiðiheimilda. Fundarmenn voru einróma um að úthlutun veiðiheimilda væri röng. Ekki einungis væri Heildaraflamark í þorski sérstaklega allt of lítið heldur væri umhugsunarefni það hlutfall sem Hafrannsóknastofnun legði til milli tegunda og hefði lagt til á undanförmum árum. Fiskveiðiárið 1999/2000 var td. Úthlutun á þorski í hlutfalli við ýsu 7,1 samanborið við árið 2007/2008 þegar hlutfallið var komið niður í 1,3. Jafnframt vill hópurinn benda á að þar sem heimild til flutnings aflamarks milli ára var 33% um síðustu áramót, hefði það verið tölfræðilegur möguleiki að af þáverandi úthlutun hefði einungis verið veiddur 2/3 hluti eða sem svarar til liðlega 86þús. tonna í þorski. Raunin varð að 15% af úthlutun í ýsu og 5% af þorski var flutt milli ára eða sem svarar til 6.500 tonna í þorski og 11.000 tonna í ýsu. Bent skal á að lágmarks þörf leigumarkaður til þess að teljast virkur er um 20þús tonn. Fundurinn vill eindregið hvetja stjórnvöld til þess að bæta við heimildir. Sú ráðstöfun hljóti að vera skynsamleg í ljósi núverandi stöðu landsins. Með aukinni úthlutun komi auknar þjóðar tekjur með lágmarks fjárútlátum, án nokkurrar fjárfestingar.

Jafnframt liggur fyrir sú skoðun Hafrannsóknastofnunnar að þetta setji stofninn ekki í hættu heldur hægi hugsanlega einungis á vexti hans ef hóflega er að staðið.

Fundurinn vill í ljósi þessa leggja til eftirfarandi aukningu:

Þorskur	40.000t
Ýsa	10.000t
Langa	3.000t
Keila	2.000t

Ufsi	10.000t
Skötuselur	2.000t

2. Heimild til flutnings aflamarks milli ára. Heimild til flutnings 33% af aflamarki milli ára í hverri tegund, er það atriði ásamt lágmarks úthlutun sem hefur valdið hvað mestum samdrætti á markaði með aflamark. Það er því í algerri andstöðu við hagsmuni hópsins þegar framkvæmdarstjóri LÍÚ ásamt stjórnarmönnum lýsir yfir stuðningi við þessa heimild. Vel megi hugsa sér að þessi heimild sé rýmkuð en lykilatriði er að við sögulegar lágmarks úthlutanir eins og nú hafa átt sér stað séu ekki gerðar of miklar breytingar. Fundurinn lýsir yfir stuðningi við þann hluta frumvarps Sjávarútvegsráðherra sem lýtur að því að takmarka þessa heimild tímabundið. Bent skal á að á undanförunum árum hefur LÍÚ gagnrýnt Hafrannsóknastofnun fyrir hugmyndir um að geyma fiskinn í sjónum en talar nú í ósamræmi við það þegar lýst er yfir stuðningi við það að þessi heimild sé rúm.

Ljóst er að breyting á þessari heimild ásamt skerðingu á aflamarki hefur valdið algerum skorti á aflamarki.

Núverandi ástand er neyðarástand.

Mikill fjöldi skipa í eignum útgerðanna eru annað hvort orðin án veiðiheimilda eða um það bil að klára þær heimildir sem þær hafa á hendi. Jafnframt hefur verið hækkað margfalt sérstaklega í ýsu og skötusel, út af þessari stöðu og því rekstrar grundvöllur algjörlega brostinn. Vandamálið er brýnt og mikilvægt að LÍÚ og stjórnvöld bregðist skjótt við.

Önnur atriði sem rædd voru á fundinum og samþykkt var að koma á framfæri:

Hugmyndir um breytingu á vigtar reglugerð geta mögulega lagt af eða verulega dregið úr útflutningi á svokölluðum gámafiski, sem jafnan hefur skilað mjög háu verði. Jafnframt skal bent á að á Íslandi starfa einungis tvær samsteypur fiskmarkaða og reka með sér sameiginlegt uppboðskerfi. Útflutningur íslensks fisks á uppboð í Bretlandi og Þýskalandi hefur stuðlað að því að hærra meðalverð fæst fyrir íslenskan fisk.

Framsál aflamarks hefur verið einn af hornsteinum íslenska fiskveiði stjórnarkerfisins. Margir hafa orðið til þess að gagnrýna það og lýsa því yfir að viðskipti með aflamark séu óeðlileg. Yfirleitt í pólitískum tilgangi. Fundarmenn hvetja LÍÚ til þess að stuðla að því að Kvótapiing sem sett var á laggirnar fyrir nokkrum árum verði endurvakið. Kvótapiingið var leið til þess að auka gegnsæi og slá á gagnrýni og þjónaði þar af leiðandi hagsmunum okkar félagsmanna í LÍÚ.



FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

FFSÍ

Alþingi
Erindi nr. P 138/721
komudagur 14.12.2009



Félag skipstjórnarmanna

Grensásvegi 13 • 108 Reykjavík • Sími 520 1280 • Bréfasími 520 1289 • Netfang: skipstjorn@skipstjorn.is
Vefsíða: www.skipstjorn.is • Skipagötu 14 • 600 Akureyri • Sími 520 1290 • Bréfasími 462 5251

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 14. des. 2009

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

FFSÍ og FS lýsa miklum vonbrigðum með framkomið frumvarp. Ráðherra skipaði nefnd sem var ætlað það hlutverk að fjalla um stjórnkerfi fiskveiða. Allar breytingar sem fram koma í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar hefðu átt að fá umfjöllun og afgreiðslu í nefndinni sem til þess var sérstaklega skipuð. Engin þeirra breytinga sem fram koma í frumvarpinu er þess eðlis að hægt sé með nokkrum haldbærum rökum að halda því fram að um brýna nauðsyn hafi verið að ræða. Því fer fjarri að svo hafi verið og af þeim ástæðum er skorað á ráðherra að draga frumvarpið til baka og gefa starfshópnum sem skipaður var af ráðherra sjálfum, þann tíma og þann frið sem þarf til að skila því hlutverki sem starfshópnum var ætlað.

Virðingarfyllst,
F.h. Farmanna og Fiskimannasambands Íslands
Og Félags skipstjórnarmanna

Árni Bjarnason

Guðjón Ármann Einarsson

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 14. desember 2009

Efni: Umsögn um breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða,
með síðari breytingum, mál. 174.

VM undrast framkomið frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og fer þess á leit að frumvarpið verði dregið til baka. Ríkistjórnin hefur samkvæmt samstarfsyfirlýsingu sett á fót nefnd til að endurskoða löginn um stjórn fiskveiða. Nefndin er en að störfum og ekkert af þeim breytingum sem lagt er til í frumvarpinu, verður að teljast til brynna aðgerða sem ekki getur beðið þar til nefndin hefur lokið störfum.

VM krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og nefndin látin ljúka störfum áður en efnislegar breytingar verða gerðar á stjórn fiskveiða.

Í 1. gr. frumvarpsins er ætlunin að leyfa þeim sem hafa leyfi til frístundaveiða, sbr. 2. tölulið 4. mgr. 6. gr. núgildandi laga að stunda jafnframt veiðar í atvinnuskyni. Með þessu virðist eiga að afhenda þeim sem stunda veiðar í atvinnuskyni, fullann aðgang að veiðiheimildum sem úthlutað er til frístundaveiða.

Í c lið 2. gr. er lagt til að augin réttindi séu færð til smábátaflotans með því að auka línuúvilnun VM ítrekar þá skoðun sína að línuúvilnun eigi alfarið að afnema.

Í d lið 2. gr. er lagt til að ráðherra geti í reglugerð gert skylt að ákveða hlutfall af uppsjávarfiski verði unnið til manneldis. VM telur að ef stjórn veiðanna er í lagi munu allar útgerðir reyna að hámarka aflaverðmætið sem hægt er að fá út úr þeim aflaheimildum sem viðkomandi útgerð hefur.

Í 3. grein frumvarpsins er ekkert sem leysir þau vandamál sem frjálsa framsalinu fylgir. VM telur því að bíða eigi eftir tillögum nefndarinnar um breytingar á stjórn fiskveiða.


Í ákvæði til bráðabirgða I er gert ráð fyrir því að ráðherra bæti við sérstaklega 2.000 tonnum af skötusel við úthlutaðar veiðiheimildir í þessari tegund á þessu fiskveiðiári. Sama á að gera á næsta fiskveiðiári. Þessum veiðiheimildum á ekki að úthluta skv. reglum núgildandi laga um stjórn fiskveiða heldur á að selja veiðiheimildirnar sérstaklega. Þarna er verið að fara þvert á vísindalegar ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunar, sem teljast verður undarlegt, þar sem þær hafa verið grundvöllur fyrir allri ráðgjöf varðandi heildarafla hvernar fisktegundar fyrir sig. VM telur að þarna sé verið að taka upp vinnubrögð sem geta verið mjög skaðleg til framtíðar.

Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í gullkarfa og djúpkarfa. VM ítrekar þá skoðun sína að nefnd um endurskoðun á stjórn fiskveiða móti tillögur í þessu eins og öðru.

Að lokum vil VM koma þeirri nálgun að í málinu, að sóknin á miðinn á að þjóna vinnslunni en ekki öfugt. Vegna veðráttu við Ísland verður ekki hægt að vera með skinsamlega sókn allt árið á smábátum, sem eingöngu geta verið að veiðum í góðu veðri, sem gerir allt framboð mjög erfitt og óreglulegt fyrir vinnslur í landi.

VM ítrekar því skoðun sína að ráðherra dragi frumvarpið til baka og leyfi nefnd um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða að ljúka störfum og koma með sínar tillögur um breytingar á lögnum. Hvað liggur svona mikið á að koma með þessar breytingar nú þegar allt málið er í endurskoðun er óskiljanlegt.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmteknimanna


Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.

Alþingi
Erindi nr. P 138/650
komudagur 138/62009

Alþingi
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Hafnarfjörður, 14.12.2009
Tilv. 60.12

Efni: Umsögn Fiskistofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (Pskj. 193 - 174. mál)

Við er til bréfs yðar, dags. 23. nóvember sl., þar sem Fiskistofa fékk til umsagnar ofangreint lagafrumvarp.

Samkvæmt lögum hefur Fiskistofa það hlutverk að framkvæma lög og reglur á sviði fiskveiðistjórnunar og hafa eftirlit með þeim. Með vísan til þess lýtur umsögn þessi fyrst og fremst að þeim atriðum. Hér á eftir fara þær athugasemdir sem Fiskistofa vill gera varðandi einstakar greinar frumvarpsins:

2. gr. c.

Gert er ráð fyrir að ákvæðið taki gildi 1. mars 2010, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Sú dagsetning er upphaf 3. "línuvinnunartímabils", sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 674/2009, um línuvinnun. Verði ákvæði þetta samþykkt skömmu fyrir þá dagsetningu kann að þurfa að fresta gildistöku eða framkvæmdatíma þess til 1. júní 2010 (upphaf 4. línuveiðitímabils) til að nægilegur tími gefist til að laga uppiþingakerfi Fiskistofu að breytingunni.

3. gr. 1. mgr.

Verði kröfur hvað varðar svonefnda "veiðiskyldu" hertar eins og gert ráð fyrir í frumvarpinu, sbr. 1. mgr. 3. gr. a., má gera ráð fyrir að fleiri tilvik komi upp þar sem útgerðir óska eftir að fá undanþágu samkvæmt c-lið greinarinnar. Skilyrði þess undanþáguákvæðis eru mjög matskennd og væri því æskilegt að þau yrðu útfærð eins skýrt og kostur er í lögum eða a.m.k. reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að bráðabirgðaákvæðið taki gildi 15. febrúar 2010, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Verði ákvæði þetta samþykkt skömmu fyrir þá dagsetningu kann að þurfa að fresta gildistöku eða framkvæmdatíma ákvæðisins þannig að a.m.k. 1 mánuður gefist til að undirbúa framkvæmd ákvæðisins frá því að það hefur verið samþykkt.

Virðingarfyllst,

Ární Múli Jónasson
fiskistofustjóri

From: PG [mailto:hrimgrund@simnet.is]
Sent: 24. nóvember 2009 18:47
To: Atli Gíslason
Subject: athugas. v/frumvarp

Alþingi
Erindi nr. P 138/302
komudagur 26.11.2009

174. mál

Þar sem nú liggur fyrir sjávarútvegs og landbúnaðarnefnd frumvarp til laga um breytingu á fiskveiðilöggjöfinni langar mig að senda þér kæri nefndarmaður svolitla athugasemd.

Athugasemdin varðar boðaða aukningu á línuívilnun, þar er ekki gert ráð fyrir að smábátar með beitningavélar fái línuívilnun, þetta eru mér mikil vonbrigði þar sem í þessu felst mismunun milli manna.

Beitningarkerfin kosta mikla fjármuni og eru frábær tæki sem auka arðsemi og léttu mönnum störfina, með aukinni ívilnun til handbeitningar og með hækkandi leiguverði á kvóta er nú svo komið (verði frumvarpið samþykkt með þessum lið óbreyttum) að útgerðarmenn þessara báta eru násnast tilneyddir til að rífa kerfin úr bátunum aftur og fara aftur í handbeitningu, slíkar eru upphæðirnar sem um er að tefla.

Mér finnst afar undarlegt að mönnum sé færð mikil verðmæti, jafnvel ígildi tugum milljóna króna fyrir að nýta sér ekki nýjustu tækni við sinn rekstur heldur nota gömul vinnubrögð sem krefjast mikils erfiðis og mikillar vinnu, nær væri að ýta undir þróun greinarinnar eins og í allri annarri atvinnustarfsemi.

Ég spyr, hvernig væri þjóðfélagið okkar statt ef þessar aðfarir væru almennt notaðar, að gera óhagkvæmt að nýta þau tækifæri sem tæknin býður upp á.

Ég leyfi mér að skora á þig að stuðla að því að þessu atriði verði breytt í meðförum nefndarinnar þannig að smábátar með beitningarvélar fái einnig línuívilnun, ef nefndarmenn eru hræddir við að stór línuskip fari að landa daglega til að fá ívilnun er hægt að komast hjá því til dæmis með því að setja hámarksívilnun á dag fyrir beitningarvélabáta t.d. 1 þorskígildistonn, einnig væri hægt að setja stærðarmörk, ég tel það samt ekki eins heppilegt.

Að lokum vil ég benda á að Landssamband smábátæigenda hefur lengi barist fyrir þessu máli og tillaga um það að allir dagróðrabátar sem róa með línu hljóti línuívilnun var samþykkt á aðalfundi L.S. nú í haust.

Virðingarfyllt

Þorvaldur Garðarsson

Formaður Árborgar, félags smábátæigenda á suðurlandi.



Grundarfirði, 10. mars 2010.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 14,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1205
komudagur 10.3.2010


Efni: Ályktun frá bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 106/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Þingskjal nr. 677 - 174. mál.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar hvetur Alþingi til þess að staldra við og skoða nánar fyrirhugaða skiptingu á veiðiheimildum í karfa í undirtegundirnar gullkarfa og djúpkarfa, eins og fram kemur í II. bráðabirgðaákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þskj. 677 - 174. mál

Fyrirtækið Guðmundur Runólfsson hf. og fleiri útgerðir í Grundarfirði hafa á undanförunum árum eingöngu veitt gullkarfa og eðlilegt að við skiptingu á karfakvótanum verði tekið mið af veiðireynslu og getu til að veiða úthlutaðan kvóta.

Að óbreyttu mun samþykkt frumvarpsins á Alþingi hafa mjög neikvæð áhrif á atvinnulíf í Grundarfirði, sem þegar er að kljást við minni aflaheimildir eins og mörg önnur byggðarlög.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar,


Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri

Ályktun þessi er send að auki til þingmanna Norðvesturkjördæmis og fjölmiðla.



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/781
komudagur 16.12.2009

Reykjavík, 11.12.2009
Tilv. 23.1
JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða - frístundaveiðar, aukin veiðiskylda ofl., 138. löggj.þing 2009-2010, 174. mál

Vísað er í erindi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar vegna fram lagðs frumvarps um ofangreint málefni.

Um 1.-4. greinar frumvarps

Ekki eru gerðar neinar athugasemdir við 1. grein frumvarpsins. Þó ekki tengist það efni 1. greinar beint bendir Hafrannsóknastofnunin á mikilvægi þess að við úthlutun heildaraflamarks sé tekið tillit til þess afla sem áætlað er að úthluta til frístundaveiða.

Varðandi 2. gr. a. og b. um fyrirhugaða þrengingu heimilda til flutnings aflamarks á milli fiskveiðiára (í 15% úr 33%) er það til þess fallið að stýra afla hveggjar tegundar betur en nú er enda sé ráðherra veitt heimild til að víkja frá meginreglunni ef nauðsyn ber. Varðandi 2 gr. c. skal aðeins lögð áhersla á mikilvægi þess að við ákvörðun heildaraflamarks sé tekið mið af áætluðum afla fengnum með línuviltun svo sá afli bætist ekki ofan á það magn sem að var stefnt og ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar hljóðar. Varðandi d.-lið 2. gr. þá skal bent á það að ástand fiskisins (t.d. fituinnihald og áta í mögum) getur valdið því að hann sé ekki gott hráefni til vinnslu og því gæti framkvæmd orðið flókin ef tímabilin sem vinnsluskyldan miðast við eru stutt.

Um tillögu að breytingu sem sett er fram í 3. gr. a. frumvarps um aukna veiðiskyldu, telur stofnunin þetta geta dregið úr óæskilegri tengundatílfærslu þó hæfilegur sveigjanleiki þar á sé æskilegur. Ekki eru fleiri athugasemdir við síðari liði 3. greinar eða 4. greinar frumvarpsins.

Um ákvæði til bráðabirgða

Um I. ákvæði til bráðabirgða skal tekið fram að Hafrannsóknastofnunin veitir ráðgjöf um ósvæðisbundinn hámarksafla í skötuselsveiðum við landið og telur að heimildir verulega umfram það sem ráðlagt er, muni stuðla að því að ekki náist hámarksafurakstur úr stofninum. Stofnunin telur því mikilvægt að 2000 tonna heimild til afla umfram þau 2500 tonn sem nú er útgefið aflamark fiskveiðiársins 2009/2010, verði notuð með varhug. Jafnframt er mikilvægt

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

að við úthlutun heildaraflamarks komandi fiskveiðiára verði tillit tekið til þess umframafla skötusels sem ætlunin er að úthluta. Auk þess er mikilvægt að vel sé hugað að afleiðingum þessa ákvæðis á annan afla, þ.e. ef veiðarnar leiða til óæskilegs meðafla af nokkru tagi.

Varðandi ráðstöfun tekna af aflaheimildum væri eðlilegt að hluti þeirra rynni til rannsókna á ástandi og veiðipoli stofnsins.

II. ákvæði til bráðabirgða um skiptingu leyfilegs heildarafla í karfa er til samræmis við tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar undanfarin ár sem og niðurstöðu nefndar sem sem skilaði tillögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í desember 2008 og fulltrúar Hafrannsóknastofnunarinnar áttu sæti í.

Engar athugasemdir eru við III. og IV. ákvæði til bráðabirgða.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson

Alþingi
Erindi nr. P 138/753
komudagur 15.12.2009

Flateyri 14. desember 2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

**Umsögn Hvíldarkletts ehf. kt. 520101-2250 og Sumarbyggðar ehf. kt. 510998-2359
um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða
(rýmkun frístundaveiða, aukin veiðiskylda o.fl.), 174. mál.**

Hvíldarklettur ehf. og Sumarbyggð ehf. skila hér með sameiginlegri umsögn um lagafrumvarpið svohljóðandi:

Umsögn


Á Vestfjörðum hefur á undanförunum árum byggst upp ný atvinnugrein í ferðaþjónustu sem er sala á sjóstangveiðiferðum til erlendra ferðamanna. Uppbyggingin hefur verið hröð og miklu verið tjaldað til í fjárfestingu í bátum og húsnæði. Öflug markaðssetning hefur átt sér stað í Evrópu, sérstaklega í Þýskalandi. Útlitið fyrir árið 2010 er gott og fyrirframbókanir hafa verið með besta móti. Gera má ráð fyrir að hátt í 2.000 ferðamönnum á næsta ári. Ísland hefur stimplað sig inn sem spennandi áfangastaður fyrir erlenda sjóstangveiðiferðamenn.

Því mætti ætla að framtíð þessarar ferðamennsku væri björt og fátt sem gæti ógnað henni. En greinin glímir við stóran áhættuþátt sem getur á einni viku rústað því mikla markaðsstarfi sem unnið hefur verið og skilið eftir ónýta fjárfestingu uppá hundruðir milljóna.

Þessi tegund sjómennsku hefur frá upphafi verið skilgreind sem hluti af krókaafalamarkskerfinu og verið háð leigumarkaði með aflaheimildir af þeim sökum. Áhættan sem því fylgir er margvísleg:

1. Leigumarkaður hefur verið erfiður og stefnir í að svo verði áfram.
2. Sjóstangveiðibátarnir verða að hafa til umráða aflamark til náinnar framtíðar og hefur í nokkrum tilvikum þurft að útvega það með litlum fyrirvara á mjög háu verði, hefðbundnum leiguliðum til mikils ama. Ekki þarf að taka fram þau neikvæðu áhrif sem þetta hefur á rekstur ferðaþjónustunnar þegar aflaverðmæti nær ekki verðmæti aflamarksins.
3. Fari svo að ekki verði hægt að útvega aflamark er úti um þessa tegund ferðaþjónustu og orðspor íslenskrar ferðamennsku myndi bíða varanlegan hnekki til langs tíma.

Tillaga okkar er sú að taka sjóstangveiðina út úr krókaaflamarkskerfinu og skilgreina afla bátanna sem Hafróafla.

1


Við leggjum því til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 6. gr. laganna

II. kafli. Veiðileyfi og aflamark.

6.gr.

Út falli þessi setning í 2.tölul 4.málsliðar 6. gr.:

"Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaafلامarki viðkomandi báts."


Í staðin komi:

Leyfi til veiða takmarkast af því að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögæts sjávarafla, með síðari breytingum.


Forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur skulu standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgæð skipsins fá 15% af andvirði selds afla.

Virðingarfyllt

F.h. Hvíldarkletts ehf.


Alón Svánberg Hjartarson
framkvæmdastjóri

F.h. Súmarbyggðar ehf.


Finnur Jónsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/794
komudagur 16.12.2009



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis.

Reykjavík, 15. desember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. 138. löggjafarþing, þingskjal 193 – 174. mál.

Vísað er til tölvupósts sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Í 1. grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. grein laganna. Við gerum ekki athugasemdir við þær breytingar sem þarna eru lagðar til.

Í 2. grein frumvarpsins eru í 4 liðum lagðar til breytingar á 11. grein laganna.

Í a. lið er lagt til að í stað hlutfallstölunnar 33% í 3. mgr. komi 15% og í ákvæði til bráðabirgða IV er lagt til að á núverandi fiskveiðiári nemi heimildin einungis 10%. Við leggjumst gegn þessari breytingu og vísam til þeirra raka sem færð voru fram þegar hlutfallstölunni var nýverið breytt úr 20% í 33%. Þau rök standa óbreytt.

Í c. lið eru lagðar til breytingar á ákvæðum um svokallaða línuviltun. Við leggjumst alfarið gegn þeim breytingum sem þarna eru lagðar til, bæði aukningu úr 16% í 20% hjá þeim sem róa með línu sem beitt er í landi og eins að taka upp 15% línuviltun fyrir báta sem róa með línu sem stokkuð er uppi í landi. Við hvetjum Alþingi eindregið til að fella ákvæði um línuviltun niður. Í línuviltun felst mikil mismunun á milli aðila í sjávarútvegi. Ekki bætir úr skák að þeir aðilar sem hagnast á þessari mismunun landa aflanum gjarnan óslægðum og vegna þess að slægingarstuðlar endurspeglar almennt ekki hlutfall slógs í þeim fiski sem dreginn er á línu þá er mismununin enn grófari. Þannig vegur tonn af þorski hjá þeim sem nú nýtur línuviltunar einungis 804,6 kg til aflamarks ef slógið er 10% en ekki 16% eins og slægingarstuðullinn miðar við. Miðað við sömu forsendur og 20% línuviltun þá mun tonnið einungis vega 777,8 kg til aflamarks mv. sama slóghlutfall.

Í d. lið er lagt til að kveðið verði á um heimild til ráðherra til að kveða á um að skylt verði að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Við leggjumst gegn þessari breytingu enda teljum við að sjávarútvegsfyrirtækin hafi almennt bestu möguleikana á því að meta hvernig hagkvæmast er að ráðstafa aflanum.

Í 3. grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 15. grein laganna.

Í a. lið er lagt til að veiði fiskiskip minna en 50% af aflamarki sem það fær á grunvelli aflahlutdeildar sinnar og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári falli aflahlutdeild þess niður. Við leggjumst gegn þessari breytingu enda hlýtur hver sanngjarn maður að sjá það að hér eru lögð til allt of viðurhlutamikil viðurlög við því ef útgerð tekst ekki að veiða aflamark sitt og nær ekki að flytja aflahlutdeild viðkomandi skips frá því.

Við styðjum þær breytingar sem lagðar eru til í b. og c. lið og teljum að þær eigi að ná fram að ganga þó að a. liðurinn geri það ekki.


Í d. lið eru lagðar til þrengingar á framsali aflamarks. Við höfum árum saman, ásamt stéttarfélögum sjómanna, lagt til þrengingar á framsali aflamarks sbr. meðfylgjandi og leggjum enn til að þær tillögur verði lögfestar. Við hvetjum til að settar verði reglur sem koma í veg fyrir að aflamark sé flutt á milli aðila með málamyndagerningum á grundvelli núgildandi reglna um „breytingar á skipakosti“ sbr. 3. ml. 15. greinar eins og brögð eru að. Í d. lið eru tillögur um orðalagsbreytingar á þessu ákvæði og í almennum athugasemdum með frumvarpinu er skilgreining á „varanlegri breytingu á skipakosti“. Þar er leiga á fiskiskipi ekki tilgreind sem tilvik sem getur leitt til beitingar þessa ákvæðis um framsal aflamarks umfram 50% eins og eðlilegt væri. Við teljum að unnt sé að setja reglur um leigusamninga sem koma í veg fyrir misnotkun á þessu ákvæði eins og borið hefur við.

Í ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að ráðherra fái heimild til að ráðstafa allt að 4000 tonnum af skötusel á tveimur fiskveiðárum, umfram aflamark sem byggir á lögum um stjórn fiskveiða. Við hvetjum sjávaútvegs- og landbúnaðarnefnd til að vísa þessu ákvæði umsvifalaust til föðurrhúsanna. Það hlýtur að vera einsdæmi að þjóð sem á jafnmikið undir nýtingu náttúruauðlinda og við og hefur náð að skapa sér þá ímynd á alþjóða vettvangi að hún stundi sjálfbæra nýtingu fiskistofna, ábyrgar fiskveiðar og varúðarnálgun við stjórn fiskveiða hafi til meðferðar á þjóðþingi sínu frumvarp sem beinlínis miðar að því að ofveiða ákveðinn fiskistofn. Framlagning frumvarpsins býður heim hættu á að orðspor okkar sem ábyrg fiskveiðiþjóð bíði varanlegan hnekki með tilheyrandi skaða. Líklegt er að íslenskur skötuselur verði gerður útlægur á mikilvægum mörkuðum. Vert er að benda á að í umsögn fjármálaráðuneytisins er ekki reynt að leggja mat á það tjón sem frumvarpið felur í sér, hvorki á orðspor okkar sem fiskveiðiþjóðar né vegna tapaðs afraksturs af skötuselsstofninum. Meðfylgjandi bréf Hafrannsóknastofnunarinnar lýsir vel ætluðum afleiðingum þeirra fyrirætlana sem í frumvarpinu felast á skötuselsstofninn.

Við styðjum þær breytingar sem lagðar eru til í ákvæðum til bráðabirgða II og III.

Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna


Friðrik J. Arngrímsson

Fréttamannafundur
Landssambands íslenskra útvegsmanna,
Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands og
Vélstjórafélags Íslands

1. Tillögur til sjávarútvegsráðherra

Landssamband íslenskra útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands og Vélstjórafélag Íslands hafa sameiginlega farið þess á leit við sjávarútvegsráðherra að hann beiti sér fyrir breytingum á lögum um stjórn fiskveiða.

Tillögurnar felast í meginatriðum í því að heimild til framsals aflamarks frá fiskiskipi verði 25% af úthlutun á hverju fiskveiðiári og að ekki verði unnt að flytja meira aflamark til skips en jafngildi tvöfaldri kvótaúthlutunar þess. Lagt er til að fellt verði úr gildi ákvæði um að veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu tvö fiskveiðiár í röð falli aflahlutdeild þess niður. Þá er lagt til að verði óviðráðanleg atvik til þess að skip nái ekki að veiða 75% aflamarki sínu, verði framsal aflamarks umfram 25% heimilað.

Einnig er gerð tillaga um að aflahlutdeild og aflamark verði aðeins unnt að skrá á fiskiskip og að ekki verði gerðar breytingar á lögum sem heimili einstökum útgerðum af framselja aflamark íslenskra skipa til erlendra skipa.

Rétt er að taka fram að ekki eru gerðar tillögur um breytingar á heimildum til skipta á aflamarki eða til frjáls framsals aflahlutdeildar enda er þar um grundvallaratriði að ræða sem stuðlar að hagræðingu.

2. Helstu ástæður tillaganna

1.2. Sættir

Samtök sjómanna hafa frá því að núverandi fiskveiðistjórnun var tekin upp, verið andvíg sölu aflamarks. Rök þeirra eru að veiðiheimildum sé ekki úthlutað til að selja þær þriðja aðila heldur að þær séu veiddar af viðkomandi útgerð og stuðli þannig að atvinnuöryggi. Þá eru mörg dæmi þess að þeir sem kaupa aflamark í miklum mæli brjóti ákvæði laga og kjarasamninga með því að draga kostnað við kaupin frá heildarverðmæti afla, en það er ólöglegt. Þannig hafa sjómenn ekki fengið gert upp með réttum hætti, en það ástand hefur ekki síst leitt til endurtekinna verkfallsátaka. Aðilar telja að takmörkun framsals samkvæmt tillögum þessum sé til þess fallin að draga mjög úr líkum á árekstrum á milli aðila á þessum grundvelli.

2.2. Markmið með stjórn fiskveiða

Eitt af meginmarkmiðunum með stjórnkerfi fiskveiða er að ná fram hagræðingu með hæfilegri stærð fiskiskipaflotans og að laga hann að afrakstursgetu fiskistofnanna. Þróun síðari ára hefur verið sú að skipum sem hefur verið lagt, eða hefði verið lagt vegna kaupa á nýjum skipum eða samþjöppun aflaheimilda, hefur verið haldið til veiða á leigukvóta. Við setningu laga um stjórn fiskveiða var við því búist að unnt yrði að fella kröfuna um endurnýjunarréttinn niður er fram liðu stundir þar sem flotinn yrði lagaður að afrakstursgetunni. Það var ekki ætlunin að allt of mörg skip yrðu um að veiða of fáa fiska eins og raunin hefur orðið. Núverandi ástandi hefur verið lýst þannig að Ísland geti orðið ruslakista fyrir úreltan flota.

2.3. Of stór floti - álag á fiskistofnana - brottkast

Ekki þarf að hafa mörg orð um óæskileg áhrif of stórs flota á fiskistofna. Um það má m.a. vísa til þess sem kom fram á ráðstefnu FAO, "Ábyrgar fiskveiðar í vistkerfi sjávar", sem haldin var hér á landi í haust og á fyrirspurnarþingi sjávarútvegsráðherra sem einnig var haldið í haust.

Það er staðreynd að brottkast er vandamál á skipum sem hafa lítinn kvóta og m.a. hefur Fiskistofa staðfest það. Formaður félags útgerða kvótalítilla skipa hefur lýst þessu ástandi þannig að hann hafi keypt bát á árinu 1999 og gert hann út í meira en 2 ár og hent stórum hluta af afla skipsins. Slíkt framferði er algjörlega ólíðandi og miðast tillögurnar við að draga úr brottkasti.

Tillögur FFSÍ, LÍÚ, SSÍ og VSFÍ til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða ofl.

1. Takmörkun á framsali aflamarks ofl.

7. mgr. 12 greinar laga 38/1990 verði breytt þannig að í stað þess að nú er heimilt að framselja 50% af samanlögðu aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað í upphafi fiskveiðaárs á grundvelli aflahlutdeildar þess, umfram aflamark sem flutt er til skips, verði einungis heimilt að framselja 25% af aflamarki sem fiskiskipi er úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar þess, umfram aflamark sem flutt er til skips. Við mat á úthlutuðu aflamarki skal ekki einungis tekið tilliti til byrjunarúthlutunar heldur endanlegrar úthlutunar. Þá skal aflamark sem úthlutað er samkvæmt lögum nr. 151/1996 eða öðrum lögum og kolmunnaafli skips telja til mats á framsalsheimild. Sé aflahlutdeild flutt milli skipa í eigu sama aðila verði heimilt að flytja aflamark sem úthlutað hefur verið vegna aflahlutdeildarinnar ásamt aflahlutdeildinni. Flutningur aflamarks með aflahlutdeild þegar breyting verður á skipakosti sbr. 7. mgr. 12. gr. laga 38/1990 og þegar aflamark er flutt ásamt aflahlutdeild milli skipa í eigu sömu útgerðar skapar heimild til framsals allt að 25% af því aflamarki sem flutt er, hjá því skipi sem flutt er til, að svo miklu leyti sem framsalsréttur hefur ekki verið nýttur af því skipi sem flutt er frá.

Á hverju fiskveiðiári skal óheimilt að flytja til fiskiskipa meira aflamark en tvöfalt það aflamark sem skip fær úthlutað á grundvelli aflahlutdeildar sinnar.

Ákvæði 5. og 6. mgr. 12 gr. laga nr. 38/1990 um að veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu tvö fiskveiðiár í röð falli aflahlutdeild þess niður verði felld úr gildi.

Nýtt ákvæði komi í lög um stjórn fiskveiða um að verði atvik eins og aflabrestur, dráttur á afhendingu nýs skips, frátafir vegna endurbóta, bilana eða tjóns á skipi til þess að skip nái ekki að veiða 75% aflamarki sínu verði frekara framsal aflamarks en 25% heimilað. Samráðsnefndin skv. 14. gr. laga nr. 38/1990 gæti verið sá vettvangur sem legði mat á hvort frekara framsal en 25% verði heimilað.

2. Skráning aflahlutdeildar og aflamarks.

Einungis verði heimilt að skrá aflahlutdeild og aflamark á fiskiskip. Verði verulegur dráttur á afhendingu nýsmíði verði unnt að skrá aflahlutdeild og aflamark á nýsmíðina í tiltekinn tíma.

3. Flutningur aflamarks milli fiskveiðiára.

Heimildir skv. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða um flutning aflamarks milli fiskveiðiáramóta verði a.m.k. tímabundið auknar um 50%

4. Framsal aflamarks til erlendra skipa.

EKKI verði gerðar breytingar á lögum sem heimili einstökum útgerðum af framselja aflamark íslenskra skipa til erlendra skipa.



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Landssamband íslenskra útvegsmanna
Borgartúni 35
105 Reykjavík

Reykjavík, 24.11.2009
Tilv. 21.9.1/SKÖ
JS/sdk

Málefni: Áhrif aukinna skötuselsveiða á ástand stofnsins

Við er til erindis Landssambands íslenskra útvegsmanna dagsett 13. nóvember 2009 vegna fram komins frumvarps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Í erindi LÍÚ er spurningum í 5 liðum beint til Hafrannsóknastofnunarinnar og er spurningum 1.-3. svarað eftir efni sameiginlega, en 4. og 5. spurningu sér.

1. Hver telur stofnunin að verði áhrif þess á skötuselsstofninn ef 2000 tonn verða veidd á fiskveiðiarinu 2009/2010 umfram þau 2500 tonn sem aflamark fiskveiðisins er?

2. Hver eru líkleg áhrif slíks afla umfram aflamark á ráðgjöf stofnunarinnar um aflamark í skötusel á fiskveiðiarinu 2010/2011?

3. Hver eru líkleg áhrif þess á skötuselsstofninn ef 2000 tonn verða einnig veidd á fiskveiðiarinu 2010/2011 umfram það aflamark sem stofnunin mun gera tillögu um aflamark í skötusel á fiskveiðiarinu 2010/2011 verði?

Svar: Eins og fram kemur í Ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar s.l. vor (Hafrannsóknir nr. 146) benda niðurstöður úr stofnmælingum og upplýsingar frá fiskiskipum til að veiðistofn skötusels sé í góðu ástandi. Góð nýliðun allt frá árinu 1998, að 2008 árganginum undanskildum, leiddu til að stofninn stækkaði hratt á árunum 2002-2005 samfara vaxandi útbreiðslu. Á sama tíma hefur afli fimmfaldast, úr um 5-600 tonn á árunum 1973-1996 í 2300-2900 tonn á árunum 2004-2008.

Miðað við nýliðun undanfarinna ára og útbreiðslu stofnsins telur Hafrannsóknastofnunin að um 2500 tonna ársafli úr skötusel vera nálægt hámarksafkastursgetu stofnsins. Þó ekki liggi fyrir nákvæmt afrakstursmat miðað við þá nýliðun mun aukning afla í 4500 tonn á næstu tveimur árum því að öllum líkindum leiða til þess að mjög gangi á uppvaxandi árganga og stofninn fari hratt minnkandi. Eins og venja er mun ráðgjöf stofnunarinnar miðast við ástand og stærð stofnsins á hverjum tíma og tillögur að hámarksafli því verða lægri við slíka veiði en ella yrði.

Heimilisfang:	Sími:	Heimasíða:	Tölvupóstfang:
Skúlagötu 4	575-2000	www.hafro.is	hafro@hafro.is
Pósthólf 1390	Póstfax:		
121 Reykjavík	575-2001		

4. *Telur stofnunin umrædd ákvæði, verði þau að lögum, samræmast stefnu um ábyrgar fiskveiðar, sjálfbæra nýtingu nytjastofna og varúðarnálgun við stjórn fiskveiða?*


Svar: Það er rétt að vekja athygli á að hér er aðeins um heimildarákvæði til handa ráðherra að ræða, allt að 2000 tonnum, sem hann ekki er skuldbundinn að nýta sér. Hafrannsóknastofnunin veitir ráð um skynsamlega nýtingu fiskistofna, yfirleitt í formi ráðlagðs hámarksaflla úr hverri tegund fyrir sig og grundvallast tillögurnar á því að veita ráðgjöf um aflamark sem gefi hámarksafurakstur til lengri tíma lítið. Það gengur gegn þessum sjónarmiðum að veitt sé umfram ráðgjöf stofnunarinnar eins og verið hefur undanfarin ár og samrýmist ekki stefnu um sjálfbæra nýtingu. Það geta varla talist ábyrgar fiskveiðar eða varúðarnálgun við stjórn fiskveiða ef verulega er farið fram úr ráðgjöf sem miðast við að nýta uppvaxandi árganga, jafnvel þó stofn sé í vexti.

5. *Var leitað álits stofnunarinnar áður en frumvarpið var lagt fram? Í því tilviki er óskað eftir upplýsingum um hver ráðgjöf stofnunarinnar var og afriti af þeim gögnum sem lögð voru fram.*

Svar: Ekki var leitað sérstaklega álits Hafrannsóknastofnunarinnar á fram lögðu frumvarpi. Fyrir lá ráðgjöf stofnunarinnar frá s.l. sumri um áætlað veiðihól, þ.m.t. tillaga að hámarksaflla. Í erindi frá ráðuneytinu dagsettu 24. september var þess óskað "að Hafrannsóknastofnunin meti hvort miklar breytingar á útbreiðslu skötusels eigi sér hliðstæðu, eða séu fordæmislausar, þegar lítið er til breytinga á útbreiðslu annarra botnfiskategunda við Ísland". Í svari stofnunarinnar dagsett 2.10.2009 segir m.a. eftirfarandi:

"Af þessu er ljóst, að þær breytingar sem orðið hafa í veiðum og útbreiðslu skötusels á undanfórnum árum eiga sér hliðstæðu í a.m.k. nokkrum tegundum nytjastofna s.s. ýsu, ufsa, karfa, blálöngu og gulllaxi." Meðfylgjandi er umrætt svar stofnunarinnar.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson



HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
Skúlagata 4
150 Reykjavík

AFRIT

Reykjavík, 02.10.2009
Tilv. 21.9.1/SKÖ
JS/sdk

Málefni: Skötuselur – útbreiðsla

Vísað er í erindi ráðuneytisins dagsett 24. september 2009 um ofangreint málefni (Tilv.: SLR 09090212/10.7.4) þar sem þess er óskað "að Hafrannsóknastofnunin meti hvort miklar breytingar á útbreiðslu skötusels eigi sér hliðstæðu, eða séu fordæmislausar, þegar lítið er til breytinga á útbreiðslu annarra botnfiskategunda við Ísland".

Á meðfylgjandi myndum 1-8 má sjá útbreiðslu veiða á nokkrum tegunda nytjastofna á Íslandsmiðum árin 1994, 1996, 1998, 2000, 2002, 2004, 2006 og 2008. Eins og sjá má á myndunum hefur útbreiðsla veiða margra þessara fiskistofna breyst verulega frá árinu 1994 og flestir þeirra veiðast nú norðar en áður. Þegar meðaltal staðsetningar veiða (lengd og breidd) á sama tímabili er skoðuð fyrir hvert tog, línu eða netalögn (vegið með tilliti til afla í hverju togi eða lögn), þar sem afli var meiri en 50 kg, kemur í ljós afar marktæk tilfærsla veiða til norðvesturs (sjá meðf. myndir 9 -16).

Af þessu er ljóst, að þær breytingar sem orðið hafa í veiðum og útbreiðslu skötusels á undanförunum árum eiga sér hliðstæðu í a.m.k. nokkrum tegundum nytjastofna s.s. ýsu, ufsa, karfa, blálöngu og gullfaxi.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,



Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001


Heimasíða:
www.hafro.is

Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is




Mynd 1. veiðisvæði þorsks við Ísland samkvæmt aflskýrslum veiðiskipa. Skráður heildaraflí hvers árs er jafnframt sýndur.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN




Mynd 2. Veiðisvæði ýsu við Ísland samkvæmt aflaskýrslum veiðiskipa. Skráður heildaraffli hvers árs er jafnframt sýndur.




Mynd 3. veiðisvæði ufsa við Ísland samkvæmt aflskýrslum veiðiskipa. Skráður heildarafli hvers árs er jafnframt sýndur.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN




Mynd 4. veiðisvæði karfa við Ísland samkvæmt aflaskýrslum veiðiskipa. Skráður heildaraffli hvers árs er jafnframt sýndur.




Mynd 5. Veidisvæði löngu við Ísland samkvæmt aflaskýrslum veiðiskipa. Skráður heildarafli hvers árs er jafnframt sýndur.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN




Mynd 6. Veidisvæði blálöngu við Ísland samkvæmt aflaskýrslum veiðiskipa. Skráður heildaraflí hvers árs er jafnframt sýndur.




Mynd 7. Veiðisvæði skötusels við Ísland samkvæmt aflskýrslum veiðiskipa. Skráður heildarafli hvers árs er jafnframt sýndur.

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN




Mynd 8. Veidisvæði gullax við Ísland samkvæmt aflaskýrslum veiðiskipa. Skráður heildarafli hvers árs er jafnframt sýndur.

Þorskur




Mynd 9. Meðaltalsstaðsetning þorskafla árunna 1994-2009 samkvæmt afladagbókum.

ÝSA




Mynd 10. Meðaltalsstaðsetning ýsuafla áramna 1994-2009 samkvæmt afladagbókum.

UFSI




Mynd 11. Meðaltalsstaðsetning ufsaafla árána 1994-2009 samkvæmt afladagbókum.

KARFI




Mynd 12. Meðaltalsstaðsetning karfaafla áráanna 1994-2009 samkvæmt afladagbókum.

LANGA




Mynd 13. Meðaltalsstaðsetning lönguafla áráanna 1994-2009 samkvæmt afladagbókum.

BLÁLANGA




Mynd 14. Meðaltalsstaðsetning blálönguafila árána 1994-2009 samkvæmt afladagbókum.

SKÖTUSELUR



Mynd 15. Meðaltalsstaðsetning skötuselsafla árána 1994-2009 samkvæmt afladagbókum.

GULLLAX



Mynd 16. Meðaltalsstaðsetning gullaxafla áráanna 1994-2009 samkvæmt afladagbókum.

Alþingi
Erindi nr. P 138/793
komudagur 16.12.2009

LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

14. desember 2009

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Með breytingunni er komið til móts við útgerðir frístundaveiðiskipa og er hvetjandi fyrir þá sem hug hafa á því að sinna þjónustu við ferðamenn, hluta úr ári í bland við atvinnuveiðar.

LS styður breytinguna.

2. gr.

a. Geymsluréttur verði 15% í stað 33%.

LS er styður breytinguna.

b. Ráðherra verði gefin heimild að rýmka geymslurétt í tiltekinni fisktegund telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu hennar.

LS styður breytinguna.

c. 1. Hækkun línuívilnunar í 20% fyrir þá sem beita í landi.

2. Bátar þar sem línan er beitt um borð en stokkuð upp í landi fái 15% ívilnun.

3. Skilyrði línuívilnunar að landað sé í sömu höfn og línan er tekin um borð er afnumið.

LS styður ofangreinda töluliði og fagnar þeim ásetningi stjórnvalda að efla atvinnuskapandi og umhverfisvænar veiðar. Hvað tölulið 3 varðar er um mikið baráttumál LS að ræða, sem að matl samtakanna er hreint og klárt öryggisatriði. LS fagnar því sérstaklega.

LS vill benda á alvarlegan ágalla á breytingartillögum varðandi línuívilnun. Þar er hvergi getið um vélabáta – þ.e. þeirra dagróðrabáta sem eru með línubeitningavélar um borð. Fari frumvarpið í gegn óbreytt, mun það leiða til þess að þeir aðilar sem eru með línubeitningavélar munu fjarlægja þær úr bátunum til að komast í 20% flokkinn. LS hefur enga trú á því að það sé markmiðið með fyrirhuguðum lagabreytingum. Þessir öflugur bátar myndu gera það að verkum að potturinn fyrir

línuvílnun myndi þurrkast upp á augabragði.

LS hefur lagt til að vélabátar undir 15 m fái 6,7% línuvílnun og hvetur sjávarútvegsnefnd eindregið til að gera þá breytingu. Með henni væri því markmiði náð að línuvílnun nái til allra dagróðrabáta. Breytingin myndi að auki leiða til þess að veiðiheimildir sem ætlaðar eru til línuvílnunar mundu nýtast að fullu, en nokkuð hefur vantað upp á það á undanförunum árum eins og sést á meðfylgjandi töflu.

Línuvílnun	Þorskur - 3.375 tonn		Ýsa 2.100 tonn	Steinbítur 700 tonn			
Tímabil	Ívilnun	Nýting					
1. febr. 2004			482 tonn		417 tonn	Fjöldi báta	
2004 / 2005	2.935 tonn	87%	1.487	86%	552	62%	300 bátar
2005 / 2006	3.037 tonn	90%	1.626	94%	680	76%	297 bátar
2006 / 2007	2.455 tonn	73%	1.753	102%	550	62%	281 bátar
2007 / 2008	1.705 tonn	51%	1.734	101%	440	49%	233 bátar
2008 / 2009	1.857 tonn	55%	1.573	98%	622	89%	221 bátar

ónýttur þorskur fiskveiðiárin 2004/2005 - 2008/2009 - 4.888 tonn

ónýttur steinbítur fiskveiðiárin 2004/2005 - 2008/2009 - 932 tonn

d. Þar er verið að nálgast þá hugmynd sem sett var fram á aðalfundi LS fyrir fjölmörgum árum – þ.e. „manneldisvílnun” varðandi uppsjávartegundir.

LS er sammála tillögunni.

3. gr

a. Fjallar um 50% veiðiskyldu.

LS styður þá ákvörðun að breytingin takl gildi 1. september 2010. LS telur þó æskilegra að hún sé látin fjara út til 1. september 2014.

b. Um lækkun veiðiskyldu hjá skipum sem eru að veiðum utan landhelgi.

LS gerir ekki athugasemd við ákvæðið.

c. Að vikið verði frá reglu um niðurfellingu aflahlutdeildar, sbr. a-lið, tefjist skip frá veiðum vegna tjóns eða bilana.

LS er sammála þessu ákvæði og telur það vera í anda þess sem upphaflega var stefnt að.

d. Hér er verið að virkja ákvæðið um flutning veiðiheimilda eins og það var hugsað í upphafi, að hún takmarkist við 50% af úthlutuðu aflamarki í þorskígildum talið.

LS gerir ekki athugasemd við ákvæðið.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Sú staðreynd blasir við veiðimönnum á stóru hafsvæði fyrir Vestur- og Norðurlandi, að skötuselur hefur helgað sér þar búsetu í verulegu magni. Vafalaust á þetta rætur að rekja til umhverfisbreytinga í hafinu kring um Ísland.

Undanfarnar tvær grásleppuvertíðir hefur þetta valdið veiðimönnum miklum vandræðum, þar sem þeir eiga engar aflaheimildir í skötusel. Þá er þetta sífellt meira vandamál fyrir línuveiðimenn á áðurgreindu svæði. Engin ástæða er til að ætla annað en að þetta „vandamál“ breiðist innan skamms hringinn í kring um landið. Veiðimenn hafa velt upp allskyns lausnum. Hvað sem öllum gróusögum líður, líta þeir á það sem síðasta valkost að henda viðkomandi aukaafli í hafið.

Þar sem um er að ræða bráðabirgðaákvæði í lögum til tveggja fiskveiðiára, telur LS rétt að láta á það fyrirkomulag reyna, sem þar er lagt til.

II

Aflaheimild í karfa verði skipt upp í gullkarfa og djúpkarfa.

LS leggst gegn þessari breytingu og mælir með að gildandi ákvæði verði óbreytt. LS gagnrýnir framsetninguna þar sem í frumvarpinu eru ekki talin upp rök fyrir breytingunni.

LS leggur til að sjávarútvegsnefnd fái Fiskistofu til að gera tilraunaúthlutun samkvæmt þeirri breytingu sem hér er lögð til þannig að hægt verði að átta sig á hvaða hagsmunum er verið að þjóna með henni.

III. og IV

Að svo stöddu lætur LS kyrrt liggja varðandi ákvæði til bráðabirgða III. og IV.

Aðrar athugasemdir:

1. Krókaafhlutdeild


LS leggur mikla áherslu á að framlengdur verði frestur útgerða til að ráðstafa krókaafhlutdeild þannig að hún rúmist innan þeirra marka sem núgildandi lög kveða á um.

Í umsögn LS til sjávarútvegsnefndar Alþingis 22. febrúar 2006 um þennan þátt laga um stjórn fiskveiða, var óskað eftir því að ákvæðið héldi næstu 10 ár. LS ítrekar hér með þá skaðun og bendir í því sambandi á hinar hrikalegu aðstæður sem eru í efnahagslífi þjóðarinnar. Með slíkri breytingu kæmi ákvæðið til endurskoðunar árið 2016.


2. Góðgerðarveiðar

Mikill vilji er fyrir því meðal félagsmanna LS að þeir geti með einhverjum hætti rétt þeim hjálparhönd sem minnst hafa á milli handanna nú um stundir. LS skorar á stjórnvöld að setja inn lagaákvæði sem gerir sjávarútvegsráðherra það kleift að heimila veiðar sem styrkja góðgerðarsamtök. Slíkar veiðar yrðu að sjálfsögðu að lúta sömu reglum um eftirlit og aðrar veiðar á Íslandsmiðum. Magnið sem hér um ræðir er mjög lítið og hefur ekkert að gera með verndun fiskistofna.

Virðingarfyllst,



Arthur Bogason formaður



Örn Pálsson framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

15. desember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 (174. mál)

Samtök atvinnulífsins gera eftirfarandi athugasemdir um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum (174. mál):

Við 2. gr.

Við a. og b. lið: Ekki verður séð að bót sé að því að takmarka sérstaklega flutning aflamarks milli ára úr 33% í 15% en láta ráðherra svo frá opna heimild til þess að hækka hlutfallið. Það er hluti af sveigjanleika stjórnkerfisins að hafa nokkuð rúma flutningsheimild. Það skapar óvissu og óhagræði við rekstur fyrirtækja að ráðherra geti verið að breyta yfirfærsluheimildum hvenær sem er innan fiskveiðiársins þegar fyrirtæki þurfa með góðum fyrirvara að taka rekstrarlegar ákvarðanir sem byggja á vissu um svo mikilvæg atriði.

Við c. lið: Ekki er ástæða til að auka frekar við línuviltun enda skapa þessar veiðar mismunun og vinna gegn hagræðingu í veiðum. Reyndar ætti að afnema línuviltunina þar sem ekki eru haldbærar forsendur fyrir sérstakri mismunun á grundvelli hennar og þau rök sem upphaflega lágu línuviltun til grundvallar eiga ekki nema að litlu leyti ennþá við. Á þeim svæðum sem fyrst og fremst njóta línuviltunar hafa byggst upp öflugar útgerðir sem ekki þurfa lengur sérstakan stuðning umfram aðra. Greinarmunur á því hvort beitt er eða eingöngu stokkað upp í landi er hæpinn og eykur á eftirlitsflækjur sem eru nógar fyrir.

Við d. lið: Þetta ákvæði er ótækt. Hvort afli getur farið til mannelisvinnslu eða ekki ræðst af svo mörgum aðstæðum sem oft er ógerlegt að sjá fyrir fyrir en afli er kominn um borð í veiðiskip. Í greinargerð er rætt um að taka beri mið af ástandi fiskisins en um það er ekki hægt að kveða á í reglugerð né heldur að koma við viðeigandi eftirliti. Almennt má ganga út frá því að afla sé ráðstafað í þá vinnslu sem hagkvæmast er hverju sinni og reglugerð um ráðstöfun afla er ólíkleg til að bæta þar eitthvað úr.

Við 3. gr.

Sú breyting sem lögð er til á veiðiskyldu er ekki til bóta. Núverandi regla er niðurstaða af málamíðlunum og tekur m.a. til þess þegar meiriháttar bilanir og tjón falla á fleiri en eitt fiskveiðiár. Eins og frumvarpstextinn er nú sbr. c. lið er óljóst hvernig með er farið þegar slíkt gerist.



Við ákvæði til bráðabirgða I.

Þetta ákvæði er fráleitt. Engar nýjar rannsóknir hafa verið gerðar á skötusel frá því er ákvörðun um skötuselskvóta var tekin sl. sumar í samræmi við ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar. Þá var ákveðið að fara eftir ráðgjöf stofnunarinnar og heimila veiðar á 2500 tonnum. Í skýrslu Hafrannsóknastofnunar kemur fram að útbreiðsla skötusels hafi breyst hin síðari ár og að nýliðun hafi almennt verið góð undanfarin ár að undanskildu árinu 2008. Kvóti á skötusel hefur á undanförunum árum verið ákveðinn nokkuð umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar en hún miðast við að ná hámarksafrakstri af stofninum.

Ákveði Alþingi að heimila skötuselsveiðar 80% umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar tvö ár í röð er það bein ákvörðun um að fiska niður þennan fiskistofn. Slík ákvörðun er í engu samræmi við venjuleg sjónarmið um ábyrgar fiskveiðar. Stofninn mun að líkindum minnka og verði nýliðun léleg á næstu árum kemur þetta harkalega niður mörg ár fram í tímann. Aðfarir af þessu tagi draga mjög úr trúverðugleika Íslands á erlendum vettvangi. Ennfremur er það einkennileg umhverfisstefna af hálfu ríkisstjórnarinnar sem birtist í því að vilja takmarka nýtingu auðlinda sem nóg er af s.s. orkuauðlinda, en ofnýta auðlindir sem eru takmarkaðar, s.s. skötusel.

Þá er óásættanlegur sá hluti ákvæðisins sem fjallar um sölu á aflaheimildum. Ljóst er að tilboð um að selja 5 tonna skammta á 120 kr. kílóíð er fyrst og fremst beint að þeim sem ekki hyggjast stunda þessar veiðar með því að gera upp við áhöfnina á brúttóverði. Þessu er því beint að þröngum hópi útgerðarmanna en ekki almennra útgerða sem gera upp við sjómenn á fullu verði samkvæmt kjarasamningum og lögum.

Ljóst er að nokkrir aðilar hafa geta stundað beinar skötuselsveiðar í eigin rekstri með því að leigja til sín kvóta. Til þess að slíkar veiðar fái staðist þurfa þær að vera tiltölulega takmarkaðar með nægilega mikinn afla á hverja sóknareiningu og ekki gert upp við áhöfn af fullu verði. Við þær breytingar sem hér eru lagðar til má ætla að grundvöllur fyrir þessum veiðum hrynji við aukið veiðiálag þrátt fyrir að greitt sé minna fyrir kvótann.

Almennt um frumvarpið

Samtök atvinnulífsins eru aðilar að stöðugleikasáttmála við ríkisstjórnina sem undirritaður var 25. júní sl. og ennfremur gaf ríkisstjórnin út sérstaka yfirlýsingu 27. október sl í tengslum við framlengingu kjarasamninga. Bæði í stöðugleikasáttmálanum og yfirlýsingunni er tekið fram að deilumál vegna stjórnar fiskveiða eigi að reyna að leysa í svokallaðri sáttanefnd sem nú er að störfum. Þetta frumvarp er lagt fram þvert á fyrirheit ríkisstjórnarinnar og slík vinnubrögð eru á engan hátt ásættanleg gagnvart Samtökum atvinnulífsins. Því leggja Samtök atvinnulífsins til að frumvarpi þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar eða það ekki afgreitt úr nefnd.

Virðingarfyllt.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. 138. löggjafarþing, þingskjal 193 – 174. mál.

Vísað er til tölvupósts sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva ræddi megininnihald frumvarpsins á fundi sínum 4. desember sl. ásamt því að fulltrúi SF í Endurskoðunar- og sáttanefnd sjávarútvegsráðherra gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva leggur mjög ríka áherslu á að frumvarpið í heild verði lagt til hliðar og að öllum ákvæðum þess vísað til umfjöllunar sáttanefndar sjávarútvegsráðherra.

Starf sáttanefndar sjávarútvegsráðherra tengist með beinum hætti ákvæðum í Stöðugleikasáttmála, ríkis, sveitarfélaga, samtaka launafólks og atvinnurekenda frá í lok júní sl og sem framlengdur var 27. október sl. Því er mjög mikilvægt að ekkert verði aðhafst að hálfu stjórnvalda sem raski mikilvægu starfi sáttanefndar. Í því sambandi má nefna að í frumvarpinu eru nokkur mikilvæg ákvæði sem einnig eru meðal viðfangsefna sáttanefndarinnar samkvæmt verkefnalista sem lagður var fram á fyrsta fundi hennar nú í haust.

Þrátt fyrir þá miklu áherslu sem lögð er á að sátt takist um að koma frumvarpinu á þessu stigi til umfjöllunar í sáttanefnd sjávarútvegsráðherra hefur stjórn SF ekki náð að taka til umræðu öll ákvæði frumvarpsins, m.a. með vísan til samþykktar stjórnar frá 4. des. sl. fylgir hér að neðan umsögn SF til sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis um flest ákvæði frumvarpsins.

Í 1. grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 6. grein laganna. Við gerum ekki athugasemdir við þær breytingar sem þarna eru lagðar til.

Í 2. grein frumvarpsins eru í 4 liðum lagðar til breytingar á 11. grein laganna.

Í a. lið er lagt til að í stað hlutfallstölunnar 33% í 3. mgr. komi 15% og í ákvæði til bráðabirgða IV er lagt til að á núverandi fiskveiðiári nemi heimildin einungis 10%. Við leggjumst gegn þessari breytingu og vísum til þeirra raka sem færð voru fram þegar hlutfallstölunni var nýverið breytt úr 20% í 33%.

Í c. lið eru lagðar til breytingar á ákvæðum um svokallaða línuvildun. Við leggjumst alfarið gegn þeim breytingum sem þarna eru lagðar til, bæði aukningu úr 16% í 20% hjá þeim sem róa með línu sem beitt er í landi og eins að taka upp 15% línuvildun fyrir báta sem róa með línu sem stokuð er uppi í landi. Í línuvildun felst mismunun á milli aðila í sjávarútvegi. Ekki bætir úr skák að þeir aðilar sem hagnast á þessu landa aflanum gjarnan óslægðum og vegna þess að slægingarstuðlar endurspeglar almennt ekki hlutfall slógs í þeim fiski sem dreginn er á línu þá er mismununin enn sýnilegri.

Í d. lið er lagt til að kveðið verði á um heimild til ráðherra til að kveða á um að skylt verði að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Við leggjumst gegn þessari breytingu enda teljum við að sjávarútvegsfyrirtækin, sem stunda í senn veiðar og vinnslu á uppsjávarfiski og einnig markaðssetningu að töluverði leiti hafi bestu möguleikana að meta hvernig hagkvæmast er að gera sem mest verðmæti uppsjávaraflanum hverju sinni.

Í 3. grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 15. grein laganna.

Í a. lið er lagt til að veiði fiskiskip minna en 50% af aflamarki sem það fær á grundvelli aflahlutdeildar sinnar og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári falli aflahlutdeild þess niður. Við leggjumst gegn þessari breytingu enda hlýtur hver sanngjarn maður að sjá það að hér eru lögð til allt of mikil viðurlög við því ef útgerð tekst ekki að veiða aflamark sitt og nær ekki að flytja aflahlutdeild viðkomandi skips frá því.

Við styðjum þær breytingar sem lagðar eru til í b. og c. lið og teljum að þær eigi að ná fram að ganga þó að a. liðurinn geri það ekki.

Í d. lið eru lagðar til þrengingar á framsali aflamarks. Útvegsmenn og stéttarfélag sjómanna hafa árum saman, lagt til þrengingar á framsali aflamarks og lagt til að þær tillögur verði lögfestar. Við hvetjum til að settar verði reglur sem koma í veg fyrir að aflamark sé flutt á milli aðila með málamyndagerningum á grundvelli núgildandi reglna um „breytingar á skipakosti“ sbr. 3. málslíð 15. greinar eins og brögð eru að. Í d. lið eru tillögur um orðalagsbreytingar á þessu ákvæði og í almennum athugasemdum með frumvarpinu er skilgreining á „varanlegri breytingu á skipakosti“. Þar er leiga á fiskiskipi ekki tilgreind sem tilvik sem getur leitt til beitingar þessa ákvæðis um framsal aflamarks umfram 50% eins og eðlilegt væri. Við teljum að unnt sé að setja reglur um leigusamninga sem koma í veg fyrir misnotkun á þessu ákvæði eins og borið hefur við.

Í ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að ráðherra fái heimild til að ráðstafa allt að 4000 tonnum af skötusel á tveimur fiskveiðiárum, umfram aflamark sem byggir á lögum um stjórn fiskveiða. SF hvetja sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd eindregið til að fella þetta ákvæði burtu.

Það hlýtur að vera einsdæmi að þjóð sem á jafnmikið undir nýtingu náttúruauðlinda og við og hefur náð að skapa sér þá ímynd á alþjóðavettvangi að hún stundi sjálfbæra nýtingu fiskistofna, ábyrgar fiskveiðar og varúðarnálgun við stjórn fiskveiða hafi til meðferðar frumvarp sem beinlínis miðar að því að ofveiða ákveðinn fiskistofn.

Framlagning frumvarpsins býður heim hættu á að orðspor okkar sem ábyrg fiskveiðiþjóð bíði varanlegan hnekki með tilheyrandi skaða. Líklegt verður að telja að íslenskur skötuselur verði gerður útlægur í okkar helstu mörkuðum fyrir sjávarafurðir komi bráðabirgðaákvæði frumvarpsins til framkvæmda. Við styðjum þær breytingar sem lagðar eru til í ákv. til bráðabirgða III.


Virðingarfyllst,

Fh. Samtaka fiskvinnslustöðva



Guðbergur Rúnarsson

Arnar Sigurmundsson,



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sættúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Alþingi
Erindi nr. P/138/652
komudagur 10.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 10. desember 2009.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 174. mál.

Stjórn Sjómannasambands Íslands undrast fram komið frumvarp um breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða og fer þess á leit að frumvarpið verði nú þegar dregið til baka. Samkvæmt samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar var sett á fót nefnd sem hefur það verkefni að endurskoða löggin um stjórn fiskveiðanna. Sú nefnd er enn að störfum. Ekkert í frumvarpinu flokkast undir brýnar aðgerðir sem ekki geta beðið þar til nefndin hefur lokið störfum. Því er það með öllu óskiljanlegt að þetta frumvarp sé lagt fram nú. Stjórn Sjómannasambands Íslands hafnar frumvarpinu í heild sinni og óskar eftir því að framangreind nefnd fái frið til að ljúka störfum sínum án íhlutunar ráðherra sjávarútvegsmála.

Í 1. gr. frumvarpsins er ætlunin að leyfa þeim sem hafa leyfi til frístundaveiða, sbr. 2. tölulið 4. mgr. 6. gr. núgildandi laga, að stunda jafnframt veiðar í atvinnuskyni. Eiga þessir aðilar að geta valsað á milli frístundaveiða og veiða í atvinnuskyni eftir því sem þeim þóknast. Þessu mótmælir Sjómannasamband Íslands og hafnar greininni.

Í a lið 2. gr. frumvarpsins er lagt til að réttur útgerða til að flytja veiðiheimildir yfir á næsta fiskveiðiár verði þrengdur. Sjómannasamband Íslands hefur áður bent á að meðan frjálst framsal veiðiheimilda er leyft hefur þetta ekkert að segja. Þrenging á ákvæðinu eykur aðeins fyrirhöfn útgerðanna þar sem þeir þurfa þá að flytja veiðiheimildirnar yfir á önnur skip sem hafa geymslurétt. b liður greinarinnar er jafn óþarfur og a liðurinn.

Í c lið 2. gr. er enn einu sinni lagt til að aukin réttindi séu færð til smábátaflotans. Þessu mótmælir Sjómannasamband Íslands og leggur til að línuviltun verði afnumin í heild sinni.

Í d lið 2. gr. er lagt til að ráðherra geti í reglugerð gert skylt að ákveðið hlutfall af uppsjávarfiski verði unnið til mannaeldis. Sjómannasamband Íslands telur þetta óráð og hafnar því ákvæðinu.

Samkvæmt framansögðu hafnar Sjómannasamband Íslands greininni enda ekkert í henni sem flokkast undir brýnar aðgerðir.

Í 3. grein frumvarpsins er ekkert sem leysa mun úr þeim vandamálum sem fylgja frjálssu framsali veiðiheimilda. Stjórn Sjómannasambands Íslands hvetur fulltrúa Alþingis í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd til að kynna sér tillögur sambandsins um bann við framsali veiðiheimilda. Greininni er því hafnað.

Í ákvæði til bráðabirgða I er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra bæti sérstaklega 2.000 tonnum af skötusel við úthlutaðar veiðiheimildir í þessari tegund á þessu fiskveiðiári. Sama á að gera á næsta fiskveiðiári. Þessum veiðiheimildum á ekki að úthluta skv. reglu núgildandi laga um stjórn fiskveiða heldur á að selja þessar veiðiheimildir sérstaklega.

Hafrannsóknastofnunin lagði til að heildarveiðin á þessari tegund yrði 2.500 tonn á yfirstandandi fiskveiðiári. Það verður að teljast undarlegt að ráðherra sem kennir sig við flokk sem setur umhverfismál í öndvegi telji í lagi að hátt í tvöfalda sókn í þessa fisktegund án þess að fyrir því liggi vísindaleg rök. Stjórn Sjómannasambands Íslands getur ekki tekið undir svo óábyrga tillögu.

Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í gullkarfa annars vegar og djúpkarfa hins vegar. Hvers vegna er þetta mál allt í einu orðið svo brýnt að ekki er hægt að bíða eftir niðurstöðu úr nefndinni sem er að endurskoða löggin um stjórn fiskveiðanna í heild sinni? Bent skal á að málið hefur oft verið til umræðu og m.a. hafa verið lögð fram frumvörp á Alþingi um málið. Því er óskiljanlegt að málið þoli ekki nokkurra mánaða bið í viðbót.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. P /38/651
komudagur 10. 12. 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 10. desember 2009

Umsögn til Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar

Starfsgreinasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (rýmkun frístundaveiða, aukin veiðiskylda o.fl.), 174. mál.

Starfsgreinasambandið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst, f.h.
Starfsgreinasamband Íslands

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Skúli Thoroddsen'. The signature is fluid and cursive.

Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. D 138/780
komudagur 16.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Gauts Sturlusonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 16. desember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (174. mál).
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Viðskiptaráð getur ekki mælt með því að þær breytingar sem ofangreint frumvarp felur í sér nái fram að ganga. Þau atriði frumvarpsins sem einna helst eru gerðar athugasemdir við lúta að breytingum á veiðiskyldu, ákvæði um vinnsluskyldu afla og bráðabirgðaákvæði um viðbótarkvóta af skötusel.

Í frumvarpinu er lagt til að nýrri málsgrein sé bætt við 11. gr. laganna þar sem kveðið er á um heimild til handa ráðherra til að setja í reglugerð að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Er hér kveðið á um vinnsluskyldu á uppsjávarfiski til manneldis sem getur numið allt að 70% af afla einstakra skipa. Þær röksemdir sem fram koma í frumvarpinu eru þær að „... þetta [er] gert í þeim tilgangi að tryggja betur að hámarksvermæti fái við nýtingu þeirra stofna þannig að fiskur fari ekki til bræðslu þegar hann er vel hæfur til manneldis.“ Viðskiptaráð getur ekki annað en mótmælt þessari fullyrðingu frumvarpshöfunda. Eðli málsins samkvæmt hljóta þær útgerðir sem gera út skip til uppsjávarfiskveiða að vera bestar til þess fallnar að meta hvernig hámarka skuli verðmæti aflans. Það er ekki í verkahring stjórnvalda að reka útgerðarfyrirtæki og verður því ekki séð að þau séu í stakk búin til að meta hvernig þessu er best farið hverju sinni.

Viðskiptaráð leggur til að d.liður 11. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Kveðið er á um breytingu á ákvæðum um veiðiskyldu í frumvarpinu þar sem hún er takmörkuð verulega. Athugasemd er gerð við þetta og bent á fyrri sjónarmið um að útgerðarfyrirtæki hljóti að vera betur til þess fallin að meta hvernig beri að hámarka verðmæti afla, umfram stjórnvöld. Með því að hafa möguleika á að geyma kvóta á milli ára getur útgerðarfyrirtæki reynt að forðast verulega slæm markaðsskilyrði og þá um leið takmarkað rýrnun á afla. Fiskur geymist jú betur í sjónum en á lager í frysti ef ekki er til staðar hagstæður markaður. Það að færa yfirráð yfir þessu frá útgerðarfyrirtækjum yfir til stjórnvalda fer ekki saman við verndunarsjónarmið, hvorki sem lúta að sjávarstofnunum né markaði.

Viðskiptaráð leggur til að a.liður 11. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Með bráðabirgðaákvæði 1. í frumvarpi þessu er ráðherra gefin ráðstöfunarheimild til úthlutunar á allt að 2.000 lestum af skötusel, utan aflaheimilda. Er hér um að ræða viðbótarkvóta af skötusel sem leigður er út af ríkinu en ekki gefin út sem hluti af aflahlutedeild. Það hlýtur að vera hluti af því kvótakerfi sem er við líði hér á landi eins og stendur að þeir sem hafa yfir aflaheimildum að ráða taki á sig skerðingar ef til þeirra kemur, en um leið njóti góðs af aukningum séu þær byggðar á veiðiráðgjöf og sjálfbærum veiðum. Það verður ekki öðruvísi á þessa heimild litið en að hér sem um hluta af hinni fyrirhuguðu fyrningarleið stjórnvalda að ræða og gengur því í berhögð við fyrri loforð stjórnvalda. Sérstök nefnd, sáttanefndin svokallaða, var sett á laggirnar með það að leiðarljósi að endurskoða lög um fiskveiðistjórnun með það að markmiði að tryggja góð rekstrarskilyrði í greininni. Gert var ráð fyrir að þar gætu mæst mismunandi sjónarmið hagsmunaaðila í greininni og stjórnvalda og reynt væri að ná sáttum um lendingu í stjórnun fiskveiða. Gengur framlagt frumvarp því þvert gegn fyrri yfirlýsingum yfirvalda og tilgangi nefndarinnar.


Viðskiptaráð leggur til að bráðabirgða ákvæði 1 í frumvarpinu verði felld brott.

Þau sjónarmið sem viðruð hafa verið um að umrætt frumvarp bregðist við breyttri útbreiðslu á skötuseli eru í besta falli hæpin. Ógjörningur væri að láta nýja lagasetningu fylgja í hvert skipti sem stofn færir sig um set í hafinu kringum landið. Halda fiskum engin höft hvað hreyfingu í sjónum ræðir og engin frumvörp né lög geta stjórnað því hvar fiskurinn kýs að vera og þá hvar hann er veiddur hverju sinni. Það verður einnig að gera athugasemdir við birta framsetningu hvað leigu á kvóta ræðir. Þannig virðast sem valið sé úr ár sem hentugt þótti og tekið mið af þeim kvóta sem leigður var frá eigendum það árið. Ekki ber þó á samanburði við fyrri ár, hvort kvóti hafi verið leigður til eða frá sömu aðilum. Það væri athyglisvert að skoða samanburð á slíkum tölum.

Sjávarútvegur er grunnatvinnugrein hér á landi og verða allar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða að vera vel ígrundaðar og í samræmi við hagsmuni heildarinnar. Sérstaklega verður að fara varlega á erfiðleikatímum sem þessum þar sem tekjur sjávarútvegsins eru mikilvægar fyrir uppgang þjóðfélagsins. Það er jafnframt lágmark að stjórnvöld standi við gefin fyrirheit um framhaldið og ígrundi allar ákvarðanir á grundvelli virks samráðs.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga að óbreyttu.

Virðingarfyllt,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands